



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju.

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Ágúst 2005
NV nr. 14-05

Inngangur

Í þessari skýrslu um verkefnið “Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju” verður fjallað um þann árangur sem náðst hefur á því ári sem áætlun verkefnisins náði yfir og hvert framhald verkefnisins verður en verið er að vinna að því um þessar mundir að finna verkefninu farveg í samvinnu við aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á Vestfjörðum.

Verkefnið hlaut styrk árið 2004 úr sjóði Iðnaðarráðuneytisins, “Átak til atvinnusköpunar” kr. 500.000. Náttúrustofa Vestfjarða styrkti verkefnið um jafnháa upphæð og var það unnið á stofunni. Í verkefnisstjórn sátu Anna Guðrún Edwardsdóttir, Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur og Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða. Verkefnisstjóri er Anna Guðrún Edwardsdóttir.

Verkefnisstjóri hefur unnið að þessu verkefni í vetur með hléum. Í upphafi var verkefninu sett markmið og leiðir sem unnið var eftir. Þá var einnig sett fram tímaáætlun varðandi hvern þátt verkefnisins. Að auki hefur verið unnið að því að festa verkefnið í sessi og treysta þannig áframhaldandi þróun þess og um leið þróun kennslu og rannsókna á háskólastigi.

Tilgangur verkefnisins

Meginmarkmið verkefnisins var að vinna að því að skapa atvinnugrundvöll fyrir vísinda- og fræðimenn á ýmsum sviðum náttúru- og félagsvísinda, fornleifa- og sagnfræði og menningu á Vestfjörðum. Með því var verið að auka atvinnumöguleika háskólamenntaðs fólks á Vestfjörðum og skapa ný atvinnutækifæri á Vestfjörðum.

En af hverju að fara út í slíkt verkefni, er þörf á því? Verkefnisstjórnin leit svo á að það væri. Fólksfækkun hefur orðið hlutfallslega mest á Vestfjörðum og enn fækkar á svæðinu. Leita þarf leiða til að stöðva þennan flóttu og fá fleiri til að flytjast á svæðið. Einhæft atvinnulíf og ótryggt atvinnuástand er m.a. ástæða fólksflóttans. Ungt fólk í dag vill mennta sig og fá vinnu við hæfi þegar námi lýkur. Því flyst unga fólk burt frá þeim stöðum sem ekki geta boðið slíkt og sest að þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og þjónusta góð. Margir ungir Vestfirðingar sem búa annars staðar hafa lýst yfir vilja sínum til að flytja á heimaslóðir en treysta sér ekki til þess þar sem ekki er atvinna við hæfi og sýnt er að Vestfirðir eru láglaunasvæði.

Þessu verkefni er einmitt ætlað að laða að háskólamenntað fólk sem annað hvort vill stunda framhaldsnám eða rannsóknir á svæðinu. Auðlind Vestfjarða er náttúran, sagan, fornleifarnar, menningin, samfélagið og mannfólkið. Þetta eiga Vestfirðingar að nýta og telur verkefnisstjórnin það best gert með því að markaðssetja Vestfirði sem mennta- og rannsóknarstofu á ofangreindum sviðum. Rannsóknir á norðurslóðum eru vinsælar í dag og eiga Vestfirðingar að taka þátt í þeim og nýta þær til að eflast.

Markmið, leiðir og rökstuðningur

Sett voru nokkur undirmarkmið sem miðuðu að því að reyna að ná eða nálgast ofangreint meginmarkmið. Þá voru leiðir að markmiðunum varðaðar og það síðan rökstutt. Markmiðin eru tvenns konar, annars vegar markmið sem lúta að markaðssetningu og kynningu á möguleikum Vestfjarða til rannsókna og hins vegar markmið er fjalla um

uppbyggingu gagnagrunns. Unnið var að því að ná þessum markmiðum nokkuð jöfnum höndum það ár sem verkefnið varði. Markmiðin voru eftirfarandi:

Stefnt skal að því:

- að markaðssetja Vestfirði sem rannsóknarsvæði fyrir fræði- og vísindamenn í náttúru- og félagsvísindum, fornleifafræði, sögu og menningu jafnt hér á landi sem erlendis.

Leiðir

Farið verður í kynningarherferð þar sem rannsóknarmöguleikar Vestfjarða í náttúru- og félagsvísindum, fornleifafræði, sögu og menningu verða í brennidepli. Rætt verður við einstaklinga, rannsóknarstofnanir og háskóla. Einnig verður rætt við fjölmiðla sem kæmu að kynningu málsins.

Starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða verður kynnt í þessari herferð, þ.á.m. þau verkefni sem stofan hefur unnið, þau svið sem stofan telur sig geta unnið á, þá aðstöðu og tækjabúnað sem hún hefur upp á að bjóða, þá aðila sem stofan er í samstarfi við auk menntunar þess starfsfólks sem þar starfar.

Í herferðinni verður einnig kynning á Bolungarvík og þeirri aðstöðu sem stendur til boða, s.s. húsnæði, fyrir þá sem dvelja við rannsóknarstörf um lengri eða skemmri tíma.

Rökstuðningur

Nauðsynlegt er að hefja kynningarherferð um rannsóknarmöguleika Vestfjarða á ofangreindum fræðasviðum vegna þess að þeir óþrjótandi möguleikar sem hér eru fyrir hendi eru fáum háskóla- og vísindastofnunum kunnugir. Þó hefur borið á meiri áhuga fræða- og vísindamanna á málefnum Vestfjarða og má þar nefna á sviði fornleifa-, sagn-, dýra-, og jarðfræði. En betur má ef duga skal. Einnig er nauðsynlegt að ná til þeirra fræða- og vísindamanna erlendis sem hafa áhuga á eða eru þegar að stunda rannsóknir á norðurslóðum. Í því sambandi geta Vestfirðir gengt lykilhlutverki.

Til þess að ná eyrum fólk er nauðsynlegt að kynna hvað Vestfirðir hafa upp á að bjóða sem rannsóknarsvæði. Þar gegna fjölmiðlar lykilhlutverki og þá sérstaklega sjónvarpið, því myndmiðill hefur meiri og sterkari áhrif og er líklegri til að skila betri árangri. Samfara því er nauðsynlegt að hafa beint samband við valda aðila í þessari markaðssetningarvinnu.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur, á undanförunum árum, unnið að alls konar verkefnum á sviði náttúruvísinda og fornleifafræði. Við stofuna starfar menntað fólk á þessum sviðum. Þó svo að stofan hafi haft nóg að gera hingað til er nauðsynlegt að skjóta styrkari stoðum undir starfsemina og útvíkka starfsemi hennar. Stofan getur boðið upp á aðstöðu og tækjabúnað fyrir rannsakendur auk þess sem að menntun starfsfólks stofunnar nýtist í ýmsum samvinnuverkefnum og vera jafnframt í tengslum við rannsóknarstofnanir innanlands á sem flestum sviðum.

Bolungarvík hefur góða aðstöðu til þess að taka á móti fræða- og vísindamenn sem vilja koma hingað til að vinna í lengri eða skemmri tíma. Nóg er af lausu húsnæði og í bænum er allt til alls. Þetta þarf einnig að kynna rækilega.

Stefnt skal að því:

- að markaðssetja Vestfirði sem kennslusvæði í ofangreindum fræðigreinum fyrir háskólanema bæði í grunn- og framhaldsnámi við innlenda sem og erlenda háskóla.
- að bjóða námshópum innlendra og erlendra háskóla upp á námskeið eða námsferðir á Vestfirði.

Leiðir

Sú kynningarherferð sem rætt var um hér að ofan nýtist einnig þegar Vestfirðir eru kynntir sem kennslusvæði fyrir námsmenn sem stunda bæði grunn- og framhaldsnám. Það sem bætist við er að kynna þann möguleika að starfsmenn Náttúrustofunnar taki að sér að vera leiðbeinendur háskólanema í námsferðum, en til þess hafa þeir menntun og þekkingu, á svæðinu.

Rökstuðningur

Fjöldi þeirra sem stunda háskólanám á Íslandi eykst með hverju árinu. Einnig hefur nemendum í framhaldsnámi, þ.e. meistara- og doktorsnámi fjölgað mikið og á eftir að fjölga enn frekar þegar fram líða stundir. Til þessara nemenda þarf að ná og kynna fyrir þeim þá möguleika sem felast í að stunda rannsóknir á Vestfjörðum og jafnframt að kynna þá aðstöðu, tækjabúnað og menntun starfsfólks Náttúrustofunnar og samstarfsaðila hennar sem gæti nýst nemum við rannsóknir, auk þeirrar aðstöðu sem Bolungarvík hefur upp á að bjóða.

Stefnt skal að því:

- að leita eftir innlendum og erlendum samstarfsaðilum sem starfa á ofangreindum fræðasviðum og gera við þá samstarfssamninga.

Leiðir

Kortleggja hvaða innlendar og erlendar stofnanir starfa á sviði náttúru- og félagsvísinda, fornleifafræði, sögu og menningu.

Finna tengiliði í viðkomandi stofnunum og þróa með þeim mögulegt samstarf í ofangreindum fræðigreinum með það fyrir augum að gerðir verði samstarfssamningar við viðkomandi stofnanir.

Rökstuðningur

Mikilvægt er fyrir stofnun eins og Náttúrustofu Vestfjarða, sem er eina stofnun sinnar tegundar á svæðinu, að koma sér upp samstarfsaðilum bæði hér á landi og erlendis. Við það einangrast ekki hin faglega þekking starfsfólksins og þú þekking sem stofnanir hefur aflað verður hluti af því þekkingarsamfélagi sem hún starfar í. Einnig er það stofnuni

lífsnauðsynlegt að vera í samstarfi við aðra því flestir þeirra styrkja sem hægt er að sækja um krefjast þess að stofnanir séu í samstarfi hvort sem um er að ræða stofnanir hér heima eða erlendis. Til að tryggja slíkt er æskilegt að gera fleiri samstarfssamninga á sem fjölbreytilegustu sviðum starfseminnar.

Stefnt skal að því:

- að sækja um styrki, innlenda jafnt sem erlenda, til ýmissa rannsóknarverkefna á sviði náttúru- og félagsvísinda, fornleifafræði, sögu og menningu. Að styrkumsóknum stendur Náttúrustofa Vestfjarða ein eða í samvinnu við samstarfsaðila, allt eftir eðli verkefnanna.

Leiðir

Fylgjast með auglýsingum um styrki hvar sem er í heiminum og sækja um þá styrki sem henta hverju sinni. Leita til samstarfsaðila um sameiginlegar styrkumsóknir þegar það á við. Leitast við að vinna góðar og vandaðar umsóknir.

Rökstuðningur

Náttúrustofa Vestfjarða er að hluta til rekin að fjárlögum ríkisins og sveitarfélaga en að hluta til af þeim sértekjum sem henni tekst að afla með ýmsum verkefnum. Styrkir mynda þannig stóran hluta af tekjum hennar. Þennan þátt þarf að efla. Það er mikil vinna að fylgjast með og vinna umsóknir í styrki bæði hérlendis og erlendis og margir styrkir eru skilyrtir á þann hátt að krafist er ýmissa samstarfsaðila, innlenda sem erlenda. Góð og vel unnin styrkumsókn er líklegri til að fá styrk en sú sem kastað er höndum til við undirbúning.

Stefnt skal að því:

- að safna saman öllum grunnupplýsingum er lúta að þeim greinum sem taldar hafa verið hér að ofan, þannig að vísinda- og fræðimenn auk háskólanema geti nýtt sér þær til frekari rannsókna.

Leiðir

Leita eftir upplýsingum hjá stofnunum og fyrirtækjum sem starfa á sviði náttúru- og félagsvísinda, fornleifafræði, sögu og menningu um allar þær rannsóknir, kannanir og annað er tengist viðkomandi fræðasviðum og fá send eintök af þeim.

Vinna útdrátt úr hverju efni fyrir sig og hanna skráningu efnisins sem í senn væri hnitmiðuð, einföld í uppsetningu og lýsandi.

Rökstuðningur

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á sviði náttúru- og félagsvísinda, fornleifa- og sagnfræði og menningar á Vestfjörðum af hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum í landinu og þær gefnar út. Náttúrustofan hefur þegar hafið vinnu við slíkan gagnagrunn og í hann hafa verið skárður fjöldi heimilda. Fjölga þarf þeim flokkum sem skráningin nær til og samræma þær upplýsingar sem eiga að vera inni í honum. Til þess þarf

fjármagn. Margar af þessum rannsóknum eru grunnrannsóknir sem hægt er að nota þegar gerðar eru áframhaldandi rannsóknir.

Stefnt skal að því:

- að samræma upplýsingar sem eru í gagnagrunninum hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

Leiðir

Við samræmingu gagnagrunnsins verður haft að leiðarljósi að upplýsingarnar séu einfaldar í framsetningu og auðvelt sé að nálgast upplýsingar úr honum. Þær upplýsingar um efnið sem unnar hafa verið, þ.e. útdráttur o.fl. verða settar beint inn í hann.

Gagnagrunnurinn verður hýstur hjá Náttúrustofu Vestfjarða sem ber ábyrgð á honum og sér um uppfærslur og skráningu nýs efnis í samvinnu við samstarfsstofnanir á hinum ýmsu fræðasviðum.

Rökstuðningur

Tölvunotkun er orðin allsráðandi í öllu því sem mannskepnan tekur sér fyrir hendur og eru vísindi og fræðimennska engin undantekning. Með því að setja upplýsingar og útdrætti um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Vestfjörðum í gagnagrunn eru þær gerðar aðgengilegar fyrir þá fræði- og vísindamenn og námsmenn til að nota við rannsóknir sínar. Einnig eru þessar upplýsingar vistaðar á sama stað hjá Náttúrustofu Vestfjarða sem heldur utan um hann, uppfærir reglulega og setur inn nýjar upplýsingar í samráði við samstarfsaðila.

Stefnt skal að því:

- að meta árangur verkefnisins.

Leiðir

Þeir þættir sem skoðaðir verða og metnir er hvort aukinn áhugi hafið orðið á rannsóknum á Vestfjörðum. Það er hægt að gera með viðtölum við þá sem við lok verkefnisins stunda rannsóknir hér. Einnig verður skoðað hvort umfjöllun um Vestfirði hafi aukist í kjölfarið og hvort ferðamannastraumur hafi aukist við aukna umfjöllun. Kannað verður með viðtölum hvernig gagnagrunnurinn nýtist, hvort hann sé aðgengilegur eða hvað megi betur fara.

Rökstuðningur

Til þess að sjá hvort markmið verkefnisins hafi náðst er nauðsynlegt að meta verkþættina. Slíkt átaksverkefni verður að meta annars er hætta á að allt sé í lausu lofti og enginn viti í raun hvort verkefnið hafi skilað einhverju og hvort vænlegt sé að halda því áfram eða ekki.

Framvinda verkefnisins

Fyrstu fjögur markmiðin fela öll í sér einhvers konar kynningar- og markaðsstarfsemi. Ákveðið var að kynna verkefnið fyrir þeim stofnunum og aðilum sem starfa á þessu sviði á svæðinu og reyna að ná samstarfi við þá, ekki fara í mikla og dýra kynningarherferð innanlands og utan þar sem fjárveitingar til verkefnisins leyfðu ekki slíkt.

Í febrúar sl. var gengið frá formlegri aðild Náttúrustofu Vestfjarða að verkefninu “Vestfirðir á miðöldum”, að tilstuðlan verkefnisins sem heldur utan um þetta samstarf fyrir hönd Náttúrustofunnar. Markmið miðaldaverkefnisins er að varpa ljósi á búsetu og mannlíf á miðöldum á Vestfjörðum með fornleifa- og sagnfræðirannsóknnum. Inn í þetta verkefni fléttast rannsóknir á náttúrufari og menningu á þessum tíma. Að þessu verkefni standa Háskóli Íslands, Menntaskólinn á Ísafirði, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fornleifastofnun Íslands, Byggðasafn Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Minjasafnið að Hnjóti og Galdrasýning á Ströndum. Síðastliðin tvö ár hefur aðaláherslan verið lögð á fornleifauppgröft í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi en áform eru um að hefja rannsóknir von bráðar í sagnfræði og menningu.

Þá stóðu Ferðamálasamtök Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Náttúrustofa Vestfjarða fyrir ferðamálaráðstefnu í apríl sl. þar sem megin þema hennar var náttúru- og menningartengd ferðaþjónusta. Áhersla var lögð á það að kynna fyrir ferðaþjónustuaðilum á svæðinu hvernig þeir gætu nýtt sér niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið í náttúru-, fornleifa- og sagnfræði á Vestfjörðum til þess að auka fjölda ferðamanna á svæðið, bjóða upp á fjölbreyttari afþreyingu, skapa fleiri störf og kynna Vestfirði sem ákjósanlegan áfangastað. Verkefnisstjóri var ráðstefnustjóri og sá um alla undirbúnings- og skipulagsvinnu og var það hluti verkefnisins sem lýtur að markaðssetningu Vestfjarða.

Nú þegar hafa tvö verkefni sem miða að markaðssetningu í ferðaþjónustu farið af stað; annars vegar verkefni sem felst í að kynna refinn á Hornströndum með það að markmiði að selja ferðamönnum ferðir þangað með leiðsögn náttúrufræðinga. Ferðamennirnir fá þá einnig fræðslu um refinn og hvernig hann lifir á þessu svæði. Hins vegar fuglaskoðunarverkefni. Þar eru einnig um að ræða ferðir með leiðsögn náttúrufræðinga og fræðslu um fugla á ákveðnum svæðum á Vestfjörðum. Þá eru áform um að halda áfram með slík verkefni, fáist fjármagn til þess.

Nú í ágúst er nýlokið sjálfbóðaliðaverkefni sem verkefnisstjóri hefur verið að undirbúa ásamt breskri ferðaskrifstofu og Náttúrustofu Vestfjarða. Níu breskir sjálfbóðaliðar voru hér í viku við ýmis rannsóknarstörf sem aðallega fólu í sér öflun sýna úr fjörum, ám og vötnum og fuglatalningu á völdum svæðum á norðanverðum Vestfjörðum. Það verkefni gekk vel og eru ætlunin að bjóða upp á slíkt næsta sumar. Ávinningur Náttúrustofunnar af verkefni af þessu tagi er að þau gögn sem aflað var verða greind í vetur og fást þar með upplýsingar um náttúru- og dýralíf á þessum svæðum. Svæðið í heild fær umfjöllun og kynningu erlendis frá þeim sjálfbóðaliðum sem hér komu og unnu.

Verkefnisstjóri vann ásamt Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, að undirbúningi að stofnun Vestfjarða akademíu. Tilgangur akademíunnar er að

vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra auk kennslu á háskólastigi. Áhersla verður á þverfaglegar rannsóknir á Vestfjörðum og samstarf innan lands sem erlendis. Þetta er félag fólks með framhaldsmenntun á háskólastigi sem hefur áhuga á að stunda vísindarannsóknir eða fræðistörf á borð við ritstörf eða kennslu á Vestfjörðum. Stofnfundur var haldinn í júní sl. og eru stofnfélagar nú orðnir 32. Á fyrsta starfsári sínu er áformað að bjóða upp á fræðslukvöld og námskeið í samvinnu við ýmsar fræðslu- og rannsóknarstofnanir á svæðinu. Þá hefur Vestfjarðar akademían lýst yfir áhuga sínum á að starfa með hinu nýstofnaða Háskólasetri Vestfjarða að kennslu og rannsóknum.

Haldinn hefur verið einn fundur með einum af forsvarsmönnum NABO (North Atlantic biocultural organization), Tom Macgovern, fornleifafraeðingi um að Náttúrustofa Vestfjarða gerðist aðili að þessum samtökum. Þau hafa staðið fyrir rannsóknum á sviði fornleifa- og sagnfræði á Norður- Atlantshafssvæðinu. Það samstarf færi aðallega fram í gegnum fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða en áform eru um að styrkja hana og efla og er þetta samstarf liður í því. Eftir er að ganga frá samstarfssamningi en búist er við að það verði gert á haustmánuðum.

Sótt var um styrki til þess að halda verkefninu áfram, m.a. í Rannís en fjármagn hefur ekki fengist enn sem komið er. Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fékk styrk, ásamt Galdrasýningu á Ströndum, úr Fornleifasjóði, til þess að rannsaka hvalstöð Baska í Strandasýslu. Þá leitaði Náttúrustofan eftir styrkjum til kortagerðar á ákveðnum svæðum á Vestfjörðum en fékk ekki. Áfram verður þó unnið að því að sækja um styrki, annað hvort til verkefnisins í heild eða í samvinnu við aðila í ákveðnum fræðigreinum.

Þau markmið er lúta að því að safna saman grunnupplýsingum um rannsóknir á þeim fræðasviðum er verkefnið tekur til og setja í einn gagnagrunn hefur ekki gengið eins og vænst var til. Þó eru til í gagnagrunni Náttúrustofu Vestfjarða upplýsingar um rannsóknir sem gerðar hafa verið í náttúruvísindum og fornleifafraeði og eru þær upplýsingar nokkuð tæmandi. Hvað varðar aðrar fræðigreinar hefur lítið áunnist við upplýsingaöflun um rannsóknir.

Mat á árangri

Það er mat verkefnisstjóra að í heild hafi verkefnið gengið ágætlega og nokkuð áunnist af þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Hins vegar var það fjármagn sem verkefnið hafði til umráða ekki mikið og setti það framvindunni og vinnunni við það nokkrar skorður.

Einnig telur verkefnisstjóri að undirbúningsvinna við nýstofnað Háskólasetur Vestfjarða hafi haft þau áhrif á framvindu verkefnisins að menn héldu að sér höndum og vildu bíða og sjá hvað yrði. Meginmarkmið verkefnisins virðist skarast nokkuð við fyrirhugaða starfsemi háskólasetursins auk rannsóknarstofnana á svæðinu. Því hefur verið ákveðið að skoða þann möguleika að kanna áhuga annarra rannsóknarstofnana á svæðinu um að gerast aðilar að þessu verkefni. Þar yrði starfsemi og sú aðstaða sem þessar stofnanir hafa kynnt fyrir vísinda- og fræðimönnum auk háskólanema með það fyrir augum að fá ofangreinda aðila til að starfa á svæðinu að rannsóknum og fræðistörfum ásamt heimamönnum.

Þeir þættir sem áunnist hafa eru á sviði markaðs- og kynningarmála og þá aðallega í ferðaþjónustu. Tekist hefur samstarf ferðaþjónustuaðila og vísindamanna um að nýta þá þekkingu sem hefur verið aflað í náttúru-, fornleifa- og sagnfræði á undanförunum árum, ferðaþjónustunni til framdráttar og má segja að þetta sé ný hugsun í þróun ferðamála í landinu. Þá hefur samstarf tekist við stofnanir á svæðinu og utan þess á ofnagreindum fræðasviðum auk þess sem að erlent samstarf er í burðarliðnum. Mikill áhugi, innlendra sem erlendra, fræðimanna er á því að stunda rannsóknir á Vestfjörðum um þessar mundir og er lag að nýta þennan áhuga. Náttúrustofan mun halda áfram að gera það ein sér eða í samstarfi við aðrar stofnanir eða einstaklinga.

Þá hefur tekist á ná saman þeim fræði- og vísindamönnum sem búa og starfa á Vestfjörðum með stofnun Vestfjarða akademíunnar. Það gefur ýmsa möguleika á margvíslegu samstarfi einstaklinga og/eða stofnana. Þá gefur það einnig svæðinu ákveðið vægi í uppbyggingu háskólastarfsemi að hér starfi stór hópur fólks með framhaldsmenntun á háskólastigi sem getur tekið þátt í og stýrt rannsóknum á Vestfjörðum. Eitt af því sem Vestfjarða akademían leggur áherslu á er að miðstöð rannsókna sem fjalla um Vestfirði eigi að vera á Vestfjörðum og þeim sé stýrt af vísinda- og fræðimönnum sem búa þar og starfa. Þá styrkir akademían starfsemi Háskóla­seturs Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða því hér er hópur fólks sem getur kennt á háskólastigi. Þar með aukast líkur á að hægt sé að bjóða upp á staðnám, auk fjarnáms, því kennararnir eru til staðar.

Upplýsingaöflun um rannsóknir og uppfærsla á gagnagrunni gekk ekki sem skyldi og er það mat verkefnisstjóra að undirbúningur við stofnun háskóla­setursins hafi haft þar áhrif. Þegar leitað var til aðila um upplýsingar virtist ekki vera áhugi á að veita þær og hefur verkefnisstjóri verið að velta því fyrir sér hvort slíkur gagnagrunnir eigi frekar að vera á hendi Vestfjarða akademíunnar. Eitt af hlutverkum hennar er að ná saman þeim aðilum sem stundað hafa rannsóknir á svæðinu, safna saman upplýsingum um einstaklinga og þær rannsóknir sem þeir hafa gert og miðla þeim áfram með einhverjum hætti, t.d. með gerð gagnagrunns.

Lokaorð

Tilgangur verkefnisins var að efla háskólastarfsemi og fjölga háskólamenntuðu fólki á Vestfjörðum. Á þessu ári sem liðið er síðan verkefnið fór af stað hefur margt breyst. Háskólastarfsemi hefur eflst, bæði rannsóknir og kennsla. Margir samverkandi þættir hafa haft þarna áhrif, aukin fjárframlög til háskólastarfsemi með stofnun Háskóla­seturs Vestfjarða, aukinn áhugi heimamanna á háskólanámi, aukinn áhugi fræði- og vísindamanna á að stunda rannsóknir á Vestfjörðum og fólki með háskólamenntun, bæði grunn- og framhaldsmenntun hefur fjölgað. Miklar vonir eru bundnar við að háskólamenntun og háskólastarfsemi muni hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar á Vestfjörðum og að hér muni fólki fjölga og atvinnulíf verða fjölbreyttara.

Verkefnisstjóri telur að þetta verkefni hafi lagt lóð á vogarskálina til að svo megi verða. Lítil en ákveðin skref voru tekin, augu fólks á svæðinu opnuðust fyrir því hve nauðsynlegt er að vinna saman og ýmsar dyr hafa opnast í sambandi við aukið samstarf erlendis og hérlendis. Hvernig til tekst er undir okkur sem starfa að þessum málum

komið hvernig okkur tekst að spila úr þeim spilum sem við höfum á hendi en ég sjálf er sannfærð um að okkur tekst áætlunarverkið.

Hvað þetta verkefni varðar þá bindur verkefnisstjórnin vonir við að samstarf náist við aðrar vísinda- og rannsóknarstofnanir á svæðinu um áframhaldandi vinnu í anda þess. Það er mat stjórnarinnar að þannig verði aðgangur að fjármagni greiðari og vægi verkefnisins verði meira í augum þeirra sem það veita.